

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 224 27. apríl 1982, um veiðar í þorskfisknet maí—desember 1982.

1. gr.

Í stað orðanna: „20. maí 1982“, í 1. gr. reglugerðarinnar, komi: 15. maí 1982.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. maí 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

11. maí 1982.

Nr. 234.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 688 28. desember 1981, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1982.

1. gr.

2. töluliður 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Í 45 daga samtals á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst 1982, og þar af skal hvert skip láta af þorskveiðum í a.m.k. 25 daga á tímabilinu 1. júlí til 31. ágúst 1982.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Á þeim tíma, sem skip láta af þorskveiðum sbr. 2. og 6. gr., má hlutur þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en hér segir:

1. 5% í 35 daga.

2. 15% í 50 daga.

3. 30% í 50 daga.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.